



**Samtök sveitarfélaga á
höfuðborgarsvæðinu**

*Alþingi
Erindi nr. P 131/1807
komudagur 3.5.2005*

Kópavogi, 2. maí 2005.

Samgöngunefnd Alþingis.
Alþingi
150 Reykjavík.

Á stjórnarfundum Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu í dag var eftirfarandi samþykkt gerð:

Stjórn Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu gerir alvarlegar athugasemdir við að aðeins rétt um og innan við fimmtungur af framlögum til vegaframkvæmda mun renna til nýfrankvæmda á höfuðborgarsvæðinu ef fyrirliggjandi tillaga til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2005-2008 nær fram að ganga.

Þegar horft er til, bæði fjölsfjölda og þess mikla umferðarþunga sem er á svæðinu og fer sífellt vaxandi og þeirrar brýnu þarfar sem er fyrir hendi á margvíslegum úrbótum í vegamálum á svæðinu, þá er ljóst að þessi fjárhæð dugar engan veginn til og er í engu samræmi við eðlilega og sanngjarna skiptingu.

Stjórn Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu lýsir yfir óánægju með fyrirliggjandi þingsályktunartillögu. SSH gerir kröfu til þess að tillögur um skiptingu fjármagns til vegaframkvæmda taki mið af raunþörf og þeim aðstæðum sem fyrir eru svo hægt sé að tryggja eðlilegt og öruggt umferðarflæði um stofnbrautir bæði innan og út frá höfuðborgarsvæðinu.

Stjórn SSH hvetur þingmenn höfuðborgarsvæðisins til að tryggja að við afgreiðslu Alþingis á samgönguáætlun verði tryggt réttlát og raunsæ skipting á fjármunum til vegaframkvæmda á landinu til næstu ára.

Hér með er ofangreindri samþykkt komið á framfæri.

Virðingarfyllt,
F.h. stjórnar SSH

Guðmundur Malmquist
frankvæmdastjóri